

Íslensk getspá  
Samandreginn ársreikningur 2014

Íslensk getspá  
Engjavegi 6  
104 Reykjavík

Kt. 600886-1189

# Efnisyfirlit

---

Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra .....	2
Áritun óháðs endurskoðanda .....	3
Samandreginn tekju- og gjaldareikningur .....	4
Efnahagsreikningur .....	5
Samandregið sjóðstreymisyfirlit .....	6
Skýringar .....	7 - 10

# Skýrsla og áritun stjórnar og framkvæmdastjóra

---

Félagið rekur talnagetraunir samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1986.

Samkvæmt tekju- og gjaldareikningi nam tekjuafgangur á árinu 2014, 1.346,4 millj. kr. og eigið fé í lok þess nam 1.525,6 millj. kr. samkvæmt efnahagsreikningi.

Arðgreiðslur til eignaraðila af tekjuafgangi ársins námu 1.149,8 millj. kr. á árinu. Fjárfestingar í varanlegum rekstrarfjármunum námu 195 millj. kr. og lagðar voru 48 millj. kr. í varasjóð af tekjuafgangi ársins. Varðandi aðrar eignabreytingar er vísað til skýringa í ársreikningi.

Stofnfé félagsins í árslok 2014 nam 3,3 millj. kr. Eignaraðilar eru þrír eins og í ársbyrjun og greinist eignaraðild þannig:

Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands .....	46,67%
Öryrkjabandalag Íslands .....	40,00%
Ungmennafélag Íslands .....	13,33%

Stjórn og framkvæmdastjóri Íslenskrar getspár hafa í dag rætt ársreikning félagsins fyrir árið 2014 og staðfest hann með undirritun sinni. Stjórn og framkvæmdastjóri leggja til við aðalfund að samþykkja ársreikninginn.

Reykjavík, 14. apríl 2015

Í stjórn félagsins:

Framkvæmdastjóri:

# Áritun óháðs endurskoðanda

---

Til stjórnar og eigenda Íslenskrar getspár.

Við höfum endurskoðað meðfylgjandi samandreginn ársreikning Íslenskrar getspár fyrir árið 2014. Ársreikningurinn hefur að geyma skýrslu stjórnar, tekju- og gjaldareikning, efnahagsreikning, sjóðstreymisýfirlit, upplýsingar um helstu reikningskilaaðferðir og aðrar skýringar.

## Ábyrgð stjórnar og framkvæmdastjóra á ársreikningnum

Stjórn og framkvæmdastjóri eru ábyrgir fyrir gerð og framsetningu ársreikningsins í samræmi við lög um ársreikninga. Stjórn og framkvæmdastjóri eru einnig ábyrgir fyrir því innra eftirliti sem nauðsynlegt er varðandi gerð og framsetningu ársreiknings, þannig að hann sé án verulegra annmarka, hvort sem er vegna sviksemi eða mistaka.

## Ábyrgð endurskoðanda

Ábyrgð okkar felst í því álit sem við látum í ljós á ársreikningnum á grundvelli endurskoðunarinnar. Endurskoðað var í samræmi við alþjóðlega endurskoðunarstaðla. Samkvæmt þeim ber okkur að fara eftir settum siðareglum og skipuleggja og haga endurskoðuninni þannig að nægjanleg víska fái um hvort ársreikningurinn sé án verulegra annmarka.

Endurskoðun felur í sér aðgerðir til staðfestingar á fjárhæðum og öðrum upplýsingum í ársreikningnum. Val endurskoðunaraðgerða byggir á faglegu mati endurskoðandans, meðal annars á þeirri hættu að verulegir annmarkar séu á ársreikningnum, hvort sem er af völdum sviksemi eða mistaka. Við áhættumatið er tekið tillit til þess innra eftirlits félagsins sem varðar gerð og glögga framsetningu ársreikningsins, til þess að skipuleggja viðeigandi endurskoðunaraðgerðir, en ekki í þeim tilgangi að gefa álit á virkni innra eftirlits félagsins. Endurskoðun felur einnig í sér mat á því hvort reikningskilaaðferðir og matsaðferðir sem stjórnendur nota við gerð ársreikningsins séu viðeigandi sem og mat á framsetningu hans í heild.

Við teljum að við endurskoðunina höfum við aflað nægilegra og viðeigandi gagna til að byggja álit okkar á.

## Álit

Það er álit okkar að ársreikningurinn gefi glögga mynd af afkomu félagsins á árinu 2014, fjárhagsstöðu þess 31. desember 2014 og breytingu á handbæru fé á árinu 2014.

## Staðfesting vegna skýrslu stjórnar

Í samræmi við ákvæði 2. mgr. 104. gr. laga nr. 3/2006 um ársreikninga staðfestum við samkvæmt okkar bestu vitund að í skýrslu stjórnar sem fylgir ársreikningi þessum eru veittar þær upplýsingar sem þar ber að veita í samræmi við lög um ársreikninga og koma ekki fram í skýringum.

Reykjavík, 14. apríl 2015

**BDO ehf.**

Sigrún Guðmundsdóttir  
löggiltur endurskoðandi

Helga Harðardóttir  
löggiltur endurskoðandi

## Samandreginn tekju- og gjaldareikningur fyrir árið 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Tekjuafgangur fyrir afskriftir .....</b>		1.364.484.196	1.419.585.988
Afskriftir .....	11,12	76.527.554	49.764.444
<b>Tekjuafgangur án fjármagnsliða .....</b>		<u>1.287.956.642</u>	<u>1.369.821.544</u>
Hreinar fjármunatekjur .....		58.418.705	31.565.359
<b>Tekjuafgangur ársins .....</b>	14	<u>1.346.375.347</u>	<u>1.401.386.903</u>
<b>Ráðstöfun tekjuafgangs á árinu:</b>	14		
Arður til eignaaðila .....		1.149.800.289	1.165.544.254
Lagt í varasjóð .....		48.034.608	48.718.339
Annað eigið fé, hækkun .....		148.540.450	187.124.310
		<u>1.346.375.347</u>	<u>1.401.386.903</u>

# Efnahagsreikningur 31. desember 2014

<b>Eignir</b>			
	<b>Skýr.</b>	<b>2014</b>	<b>2013</b>
<b>Fastafjármunir:</b>			
Óefnislegar eignir .....	11	187.789.457	115.483.657
Varanlegir rekstrarfjármunir .....	12,13	231.147.555	185.309.849
Áhættufjármunir og langtímakröfur:			
Bundið fé .....		59.453.048	9.282.977
Fastafjármunir alls		478.390.060	310.076.483
<b>Veltufjármunir:</b>			
Viðskiptakröfur .....		316.317.224	375.982.161
Aðrar skammtímakröfur .....		20.048.542	16.096.813
Handbært fé .....		1.245.062.783	1.281.136.909
Veltufjármunir samtals		1.581.428.549	1.673.215.883
<b>Eignir samtals</b>		2.059.818.609	1.983.292.366
<b>Eigið fé og skuldir</b>			
<b>Eigið fé:</b>			
Stofnfé eignaraðila .....		3.307.306	3.307.306
Varasjóður .....		433.714.828	385.680.220
Annað eigið fé .....		1.088.569.934	940.029.484
Eigið fé samtals	14,15	1.525.592.068	1.329.017.013
<b>Skammtímaskuldir:</b>			
Fyrirfram innheimtar tekjur .....		71.800.780	84.445.700
Ógreiddir vinningar .....		152.548.289	276.187.812
Ógreiddur arður .....		86.723.772	142.877.134
Viðskiptaskuldir og aðrar skammtímaskuldir .....		223.153.700	150.764.707
Skuldir samtals		534.226.541	654.275.353
<b>Eigið fé og skuldir samtals</b>		2.059.818.609	1.983.292.366

## Samandregið sjóðstreymisyfirlit ársins 2014

	Skýr.	2014	2013
<b>Rekstrarhreyfingar:</b>			
Tekjuafgangur ársins .....	14	1.346.375.347	1.401.386.903
Rekstrarliðir sem hafa ekki áhrif á fjárstreymi:			
Afskriftir .....	11,12	76.527.554	49.764.444
Aðrir liðir .....		0	212.500
Veltufé frá rekstri		1.422.902.901	1.451.363.847
 Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda:			
Skammtímaþrófur, (hækkun) lækkun .....		55.713.208	( 151.017.550)
Bundið fé, (hækkun) lækkun .....		( 50.170.071)	( 9.282.977)
Skammtímaskuldir, (lækkun) hækkun .....		( 63.895.453)	211.834.265
Breytingar rekstrartengdra eigna og skulda		( 58.352.316)	51.533.738
Handbært fé frá rekstri		1.364.550.585	1.502.897.585
 <b>Fjárfestingarhreyfingar:</b>			
Fjárfesting í varanl. rekstrarfjármunum og óefnislegum eignum .....		( 194.671.060)	( 193.326.057)
Söluverð varanlegra rekstrarfjármuna .....		0	1.250.000
Fjárfestingarhreyfingar	11,12	( 194.671.060)	( 192.076.057)
 <b>Fjármögnunarhreyfingar:</b>			
Arður til eignaraðila .....		( 1.205.953.651)	( 1.076.667.122)
Fjármögnunarhreyfingar		( 1.205.953.651)	( 1.076.667.122)
 <b>Breyting á handbæru fé .....</b>		( 36.074.126)	234.154.406
<b>Handbært fé í ársbyrjun .....</b>		1.281.136.909	1.046.982.503
<b>Handbært fé í árslok .....</b>		1.245.062.783	1.281.136.909

# Skýringar

---

## Lög og reglur

1. Íslensk getsþá var stofnuð samkvæmt heimild í lögum nr. 26/1986, til handa Íþrótt- og Ólympíusambandi Íslands, Ungmennafélagi Íslands og Öryrkjabandalagi Íslands, til að starfrækja talna- eða bókstafagetraunir til eflingar íþróttum og starfsemi í þágu Öryrkjabandalagsins. Heimild þessi nær til ársins 2019.
2. Samkvæmt reglugerðum sem settar hafa verið með hliðsjón af lögum nr. 26/1986, rekur Íslensk getsþá fjóra talnagetraunaleiki, en þeir eru Lottó 5/40, Víkingalottó, EuroJackpot og Jóker.

Í reglugerðum um leikina er m.a. að finna ákvæði um vinningshlutfall og skiptingu vinninga. Samkvæmt þeim skal verja 45% af heildarsölu hverrar leikviku í Lottó 5/40, 40% í Víkingalottó og 50% í EuroJackpot til greiðslu vinninga og skiptist vinningsfjárhæðin þannig:

Lottó 5/40:

- 57% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa allar 5 aðaltölur réttar.
- 2,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta "bónustölu".
- 14,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 4 aðaltölur réttar.
- 17,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 3 aðaltölur réttar.
- 8,5% skiptast jafnt á milli þeirra sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta "bónustölu".

Víkingalottó:

- Víkingalottó er samvinnuverkefni lottófyrirtækja á Norðurlöndum, í Eistlandi, Lettlandi og Litháen og greiðir hvert fyrirtækjanna 0,04 evrur af hverri seldri röð í 1. vinningsflokki og skiptist hann jafnt á milli allra sem hafa allar 6 tölurnar réttar. Hver þjóð greiðir 0,034 evrur af seldri röð í svokallaðan ofurtölupott. Gangi ofurtölupotturinn út bætist hann við 1. vinninginn en flyst annars til næstu viku.
- Til vinninga renna 40% af sölu hverrar leikviku og skiptist það sem er utan hins erlenda samstarfs þannig:
  - 54% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa hér á landi sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "bónustölum".
  - 9% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa hér á landi sem hafa 5 aðaltölur réttar.
  - 21% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa hér á landi sem hafa 4 aðaltölur réttar.
  - 16% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa hér á landi sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "bónustölum".

EuroJackpot:

- EuroJackpot er samvinnuverkefni lottófyrirtækja á Íslandi og í 13 öðrum Evrópulöndum.
- Til vinninga renna 50% af sölu hverrar leikviku og skiptist það þannig:
  - 22% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
  - 5% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
  - 1,3% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 5 aðaltölur réttar.
  - 1,2% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
  - 0,95% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
  - 0,6% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 4 aðaltölur réttar.
  - 0,85% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
  - 4,1% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
  - 3,45% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".
  - 3,6% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 3 aðaltölur réttar.
  - 12% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 1 aðaltölu rétta og auk þess 2 réttar "stjörnutölur".



## Skýringar, frh.:

---

### Lög og reglur (frh.)

EuroJackpot (frh.):

- 22,95% skiptast jafnt á milli þeirra vinningshafa sem hafa 2 aðaltölur réttar og auk þess rétta aðra af tveimur "stjörnutölum".
- 22% renna í jöfnunarsjóð sem hefur það hlutverk að tryggja að 1. vinningur sé aldrei undir 10 milljónum evra.

Í Jóker eru reglur um vinninga frábrugðnar hinum leikjunum. Þátttakendur velja 5 tölur á bilinu 0 til 9 og röð þeirra í útdrætti. Vinningsfjárhæðir eru 2.000 kr., 10.000 kr., 100.000 kr. og hæst 2.000.000 kr. Reiknað vinningshlutfall er að meðaltali 46,58 %. Jóker er ekki sjálfstæður leikur, en eingöngu er hægt að taka þátt í honum ásamt Lottó 5/40, Víkingalottói eða EuroJackpot.

3. Samkvæmt samþykktum félagsins eiga eignaraðilar félagið í eftirtöldum hlutföllum og skal ágóða ráðstafað þannig:

Íþrótt- og Ólympíusamband Íslands.....	46,67%
Öryrkjabandalag Íslands.....	40,00%
Ungmennafélag Íslands.....	13,33%
	<hr/>
	100,00%

4. Samkvæmt samþykkt aðalfundar skulu 1,25 % af sölu reikningsársins lögð í varasjóð og nam tillag ársins 48,0 millj. kr.

### Reikningsskilaaðferðir

#### 5. Grundvöllur reikningsskila

Ársreikningurinn er gerður í samræmi við lög um ársreikninga og reglugerð um framsetningu og innihald ársreikninga og samstæðureikninga. Ársreikningurinn er gerður í íslenskum krónum. Hann byggir á kostnaðarverðreikningsskilum og er gerður eftir sömu reikningsskilaaðferðum og árið áður.

#### 6. Innlausn tekna

Sala sem tilheyrir reikningsárinu er færð í rekstrarreikninginn þó að útdráttur hafi ekki farið fram. Áfallnir vinningar og annar sölutengdur kostnaður eru færðir í rekstrarreikning.

#### 7. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma eignanna.

#### 8. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir eru færðir til eignar á kostnaðarverði að frádregnum afskriftum. Afskriftir eru reiknaðar sem fastur árlegur hundraðshluti miðað við áætlaðan nýtingartíma rekstrarfjármuna.

#### 9. Viðskiptakröfur

Viðskiptakröfur eru færðar niður í efnahagsreikningi. Hér er ekki um endanlega afskrift að ræða heldur er myndaður mótreikningur, sem mæta á þeim kröfum sem kunna að tapast og er hann dreginn frá skammtímakröfum í efnahagsreikningi.

#### 10. Samanburðarfjárhæðir

Þar sem við á hefur samanburðarfjárhæðum verið breytt til þess að gæta samræmis við breytingu á framsetningu þessa árs.

## Skýringar, frh.:

### 11. Óefnislegar eignir

Óefnislegar eignir greinast þannig:

	Sölukerfi SGI	Samtals
Stofnverð 1.1.2014 .....	115.483.657	115.483.657
Keypt á árinu .....	96.116.002	96.116.002
Stofnv. 31.12.2014 .....	211.599.659	211.599.659
Afskrift ársins .....	23.810.202	23.810.202
Afskrifað 31.12.2014 .....	23.810.202	23.810.202
Bókfært verð 31.12.2014 .....	187.789.457	187.789.457
Afskriftahlutföll .....	20%	

### 12. Varanlegir rekstrarfjármunir

Varanlegir rekstrarfjármunir greinast þannig:

	Fasteign	Vélar, áhöld og innréttingar	Bifreiðar	Samtals
Stofnverð 1.1.2014 .....	167.400.217	369.686.108	16.779.518	553.865.843
Keypt á árinu .....	6.629.564	91.925.494	0	98.555.058
Selt á árinu .....	0	0	0	0
Stofnv. 31.12.2014 .....	174.029.781	461.611.602	16.779.518	652.420.901
Afskrifað 1.1. 2014 .....	140.263.696	224.474.180	3.818.117	368.555.993
Afskrift ársins .....	807.756	49.392.668	2.516.928	52.717.352
Afskrift færð út .....	0	0	0	0
Afskrifað 31.12.2014 .....	141.071.452	273.866.848	6.335.045	421.273.345
Bókfært verð 31.12.2014 .....	32.958.330	187.744.753	10.444.472	231.147.555
Afskriftahlutföll .....	5%	20-25%	15%	

### 13. Fasteignamat og váttryggingaverð

Bókfært verð fasteignar félagsins nam 33 millj. kr. í árslok 2014 en fasteignamat hennar á sama tíma nam 221,9 millj. kr. Váttryggingaverðmæti eignarinnar nam 483,9 millj. kr. í árslok 2014. Váttryggingarverð annarra varanlegra rekstrarfjármuna nam 285,1 millj. kr. í árslok 2014.

## Skýringar, frh.:

---

### 14. Eigið fé

Yfirlit um eiginfjárreikninga:

	<b>Stofnfé eignaraðila</b>	<b>Varasjóður</b>	<b>Annað eigið fé</b>	<b>Samtals</b>
Eigið fé 1.1.2014 .....	3.307.306	385.680.220	940.029.484	1.329.017.013
Tekjuafgangur ársins .....			1.346.375.347	1.346.375.347
Arður til eignaraðila af tekjuafgangi .....			( 1.149.800.289)	( 1.149.800.289)
Lagt í varasjóð .....		48.034.608	( 48.034.608)	0
Eigið fé 31.12.2014 .....	<u>3.307.306</u>	<u>433.714.828</u>	<u>1.088.569.934</u>	<u>1.525.592.068</u>

### 15. Eigið fé skiptist þannig milli eignaraðila:

	<b>Eignarhluti</b>	<b>Eigið fé</b>
Íþróttá- og Ólympíusamband Íslands .....	46,67%	711.993.818
Öryrkjabandalag Íslands .....	40,00%	610.236.827
Ungmennafélag Íslands .....	13,33%	203.361.423
	<u>100,00%</u>	<u>1.525.592.068</u>